

L Ö G

um breyting á lögum nr. 120 frá 31. des. 1976, um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „Fiskkassar“ í tollskrárnúmeri 39.07.13 í 1. gr. laganna komi: Fiskkassar og vörupallar úr plasti (plastpallets).

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 10. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á siglingalögum, nr. 66/1963.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bráðabirgðaákvæði laga nr. 66/1963, sbr. lög nr. 108/1972, orðist þannig:

Bráðabirgðaákvæði.

Nú hefur útgerðarmaður keypt sér þá tryggingu, sem miðast við eftirfarandi bætur, og ber hann þá ekki frekari ábyrgð samkvæmt 2. málsg. 205. gr. laga þessara, sbr. 1. gr. laga nr. 108/1972:

1. Dánarbætur:

- a) 2 milljónir króna við dauða, er greiðast nánustu vandamönnum (erfingjum) hins látna.
- b) Mánaðarlegar bætur til ekkju eða ekkils í 8 ár ber að greiða samkvæmt a-lið 1. málsg. 35. gr. almannatryggingalaga.
- c) Mánaðarlegar bætur til barna að 17 ára aldri, þó aldrei lengur en í 8 ár, ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt c-lið 1. málsg. sömu gr.

2. Slysadagpeningar og örorkubætur:

- a) Dagpeningar, sem greiðast eftir sömu reglum og dagpeningar skv. 33. gr. almannatryggingalaga og nema $\frac{3}{4}$ þeirrar fjárhæðar. Heildarupphæð dagpeninga skal þó aldrei nema meiru en þeim launum, sem hinn slasaði hafði fyrir slysið.

b) Ef slys veldur varanlegri örorku, skal greiða örorkubætur, 6 millj. kr. við algera varanlega örorku, en hlutfallslega við minni örorku.

Frá örorkubótum skal draga upphæð slysadagpeninga, sem greiddir hafa verið, og frá eingreiðslu dánarbóta skal draga örorkubætur, ef greiddar hafa verið.

Nú verður breyting á vikukaupi í almennri verkamannavinnu, og skal ráðherra þá innan 6 mánaða breyta upphæðum bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði þessu í samræmi við það.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 10. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um virkjun Hvítár í Borgarfirði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita Andakílsárvirkjun s/f leyfi til þess að reisa og reka vatnsaflstöð við Kljáfoss í Hvítá í Borgarfirði með allt að 13.5 MW. afli og orkuveitu til tengingar við orkuflutningskerfið í Borgarfirði.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán, er Andakílsárvirkjun tekur, allt að 2 200 millj. króna, eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr.

Einnig er ríkisstjórninni heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán, er komi að hluta til eða að öllu leyti í stað ábyrgðar skv. 1. málgr. þessarar greinar, og endurlána Andakílsárvirkjun.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða kjör og skilmála sjálfskuldarábyrgðar og endurláns.

3. gr.

Fella skal niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar, sbr. 1. gr.

4. gr.

Andakílsárvirkjun er undanþegin tekjuskatti, stimpilgjaldi, útsvari, aðstöðugjaldi og öðrum gjöldum til ríkis, sýslusjóða og sveitarfélaga.

Andakílsárvirkjun skal þó greiða sýslusjóðum og sveitarsjóðum þau opinber gjöld, sem þeim er gert að greiða vegna húseigna Andakílsárvirkjunar samkvæmt öðrum lögum.